**Ed.** **55. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 64, 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Auk þóknunar þeirrar af landsfje, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 64,

14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m., skulu hreppstjórar njóta samskonar launauppbótar sem embættis- og sýslunarmenn landsins samkvæmt 33. gr. launalaganna.

Uppbótin greiðist ásamt þóknuninni fyrir hvert umliðið fardagaár.

2. gr.

Hreppstjóralaun um fardagaárið 1919—1920 skulu fyrir tímabilið frá 6. desember 1919 til loka fardagaársins reiknast samkvæmt ákvæðum 1. gr.